



**Markaðspunktur í dag:**

- Milljón ferðamenn eða milljón per ferðamann?

**Milljón ferðamenn eða milljón per ferðamann?**


Það hefur verið yfirlýst markmið stjórnvalda í nokkurn tíma að fjölga ferðamönnum til landsins. Ýmsir aðilar innan ferðapjónustunnar hafa nefnt mikilvægi þess að auka ferðamannastraum til landsins – ein milljón ferðamanna árið 2020 hefur oft verið nefnt í því samhengi. Varhugavert er þó að leggja að jöfnu magn og gæði. Síðustu ár hafa tekjur á hvern ferðamann minnkað umtalsvert í evrum talið. Það má því velta fyrir sér hvort ekki væri eðlilegra að leggja fremur áherslu á að laða til landsins fjölbreyttari flóru ferðamanna sem myndu skila meiri gjaldeyristekjum til landsins en hinn almenni ferðamaður. Með því að byggja upp ferðapjónustu á þeirri forsendu að laða til landsins efnaðri ferðamenn væri hugsanlega hægt að auka gjaldeyristekjur án þess að ágangur ferðamanna verði íslenskri náttúru ofviða. Núverandi stefna í ferðapjónustu virðist ekki taka tillit til neikvæðra áhrifa, af auknu ferðamannastreymi, á íslenska náttúru..

**Ísland „heitur reitur“ fyrir sparneytna ferðamenn.** Ljóst er að fjölgun erlendra ferðamanna hefur sína fylgifiska. Niðurstöður greiningardeildar benda til þess að sú mikla fjölgun sem varð t.a.m. meðal erlendra ferðamanna á síðustu árum hafi að mestu stafað af auknu streymi „sparsamari túrista“ sem hafa nýtt sér hagstætt gengi krónunnar. Þetta sést einna helst þegar tölur yfir eyðslu á hvern ferðamann í evrum talið eru skoðaðar, en stærsti hluti ferðamanna sem hingað koma er frá Evrópu. Frá árinu 2002 hefur fjöldi ferðamanna aukist um 67% en á sama tíma hefur neysla hvers og eins ferðamanns, mæld í evrum, dregist saman um 44%. Má því velta því fyrir sér hvort Ísland sé að verða einskonar „heitur reitur“ fyrir sparneytna ferðamenn? Ýmislegt getur legið að baki þessari þróun. Í því samhengi má t.a.m. velta því fyrir sér hvort Ísland búi einfaldlega ekki yfir þeim kostum sem þarf til að taka á móti efnameiri ferðamönnum fram að þessu. Reyndar mun tilkoma Hörpu og væntanleg uppbygging í kringum hana hugsanlega trekkja að neysluglaðari einstaklinga sem skilja fleiri evrur eftir sig.




Annað atriði sem styður við það sem kemur fram hér að framan er sá viðsnúningur sem orðið hefur í eftirspurn eftir gistingu. T.a.m. varð um 20% aukning í eftirspurn eftir gistirými í annarri gistingu en á hótélum (hótél skilgreind sem dýrari gisting en önnur gisting) árið 2009 á sama tíma og lítil breyting varð á eftirspurn vegna hótélgestinga. Þá sýnir mynd hér fyrir neðan að hlutfall gistinóttu hótela af heildargistinóttum á landinu hefur farið minnkandi og hefur nú lotið í lægra haldi fyrir gistinóttum í annars konar gistingu. Þá benda gögn Ferðamálastofu til þess að verð á hótélherbergjum hafi einnig lækkað, í krónum talið, á síðustu árum, sem styður við þá kenningu að eftirspurn hafi færst frá hótélum yfir á aðra gistimöguleika.

**Viðsnúningur í eftirspurn eftir gistingu?**  
- Hlutfall gistinóttu á hótélum af heildarnóttum minnkar



**Við þurfum meiri gjaldeyri frá hverjum ferðamanni.** Mikilvægt er að laða hingað til lands ferðamenn sem eru tilbúnir að eyða meira en meðalferðamaðurinn. Slíkt væri án efa hagkvæmasta

leiðin til að auka hér gjaldeyristekjur án þess að fjölgun ferðamanna gangi of nærri náttúrunni (ef það er markmið út af fyrir sig). Ef gert er ráð fyrir því að hingað til lands kæmu í auknum mæli ferðamenn sem eyddu meira en hinn skilgreindi meðalferðamaður (65 þús. á dag í stað 30 þús., m.v. vikudvöl) þyrfti „eingöngu“ um 50% aukningu í fjölda ferðamanna til landsins (úr 490 þúsund í 720 þúsund) til að skapa sömu tekjur og myndu skapast við 100% aukningu þeirra ferðamanna sem í dag sækja landið heim.



## Markaðspunktur Greiningardeildar Arion banka

Davíð Stefánsson	davidst@arionbanki.is	444-6965
Fannar Jónsson	fannar.jonsson@arionbanki.is	444-6962
Hallgrímur Björnsson	hallgrimur.bjornsson@arionbanki.is	444-6818
Kristrún Mjöll Frostadóttir	kristrun.frostadottir@arionbanki.is	444-6911
Þorbjörn Atli Sveinsson	thorbjorn.sveinsson@arionbanki.is	444-6973

## Ábyrgðarmaður: Þorbjörn Atli Sveinsson

### Fyrirvari

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum sem Greiningardeild Arion banka hefur undir höndum þegar markaðspunktur eru ritaðir. Helstu heimildir eru ársskýrslur, afkomufundir og hluthafafundir auk annarra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á einn eða annan hátt. Skoðanir og spár geta breyst án fyrirvara. Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Arion banki, eða starfsmenn Arion banka ekki tekið ábyrgð á villum. Vinsamlegast hafið samband við markaðsviðskipti Arion banka eða ráðgjafa áður en gengið er frá viðskiptum sem byggja á þessum markaðspunktum. Arion banki hf. og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að gengi einstakra bréfa sem félagið mælir með kaupum á kunni að lækka og öfugt.

Arion banki, starfsmenn Arion banka, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Arion banka kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Greiningardeildar Arion banka lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar í einstaka félögum, umsýjaraaðilar útboða, viðskiptavaki útgefenda eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri fjárfestingabankabjónustu.

**Athugasemdir, ábendingar og fyrirspurnir tengdar markaðspunktum sendist á netfangið greiningardeild@arionbanki.is**

